



# Nýsköpun - Heimsmarkmiðin og nærsamfélagit

8. – 10. bekkur

Nokkrar áskoranir sem við öll getum hjálpað til við að leysa



Ath. að þetta eru einungis nokkur atriði, samantekin af NKG, til að hjálpa til við hugmyndavinnu nemenda. Vitið þið um annað vandamál eða áskorun, sem tengist einhverju markmiðanna, sem þið viljið reyna að leysa? Skrifið hana þá í „Annað?“

**1** ENGIN FÁTÆKT

Áherslur: *Styrkja stöðu fólks sem stendur höllum fæti, með sérstakri áherslu á börn*

Margir hafa ekki efni á að taka þátt í tómstundastarfi, íþróttum eða gera eitthvað skemmtilegt eins og að fara í bíó. Sumir eiga ekki mikið af fötum og leikföngum og geta ekki alltaf gefið afmælisgjafir eða farið í skólaferðir sem kosta peninga.

Annað?: \_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_

**2** EKKERT HUNGUR

Áherslur: *Sjálfbær þróun í fiskveiðum og landbúnaði. Lífræn og heilnæm framleiðsla. Tryggja framfærslu allra landsmanna*

Margir hafa ekki efni á að kaupa skólamat, ávexti og grænmeti eða annan hollan mat, geta ekki alltaf komið með nesti í skólann eða til dæmis keypt flottan, góðan jólamat.

Annað?: \_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_

**3** HEILSA OG VELLÍÐAN

Áherslur: *Breytt aldurssamsetning þjóðarinnar. Langvinnir sjúkdómar sem tengja má við lífsstíl. Framboð og aðgengi að úrræðum og þjónustu eftir landssvæðum*

Margir hreyfa sig allt of lítið, borða ekki hollan mat, hanga of mikið inni eða hafa ekki efni á að fara til læknis eða tannlæknis. Allt of margir ungligar eru byrjaðir að veipa og drekka of mikið af orkudrykkjum. Einelti er enn stórt vandamál og margir eru einmana.

Annað?: \_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_

**4** MENNTUN FYRIR ALLA

Áherslur: *Efla læsi og tryggja framtíð íslenskar tungu. Vinna gegn brotthvarfi úr framhaldsskólum. Fjölgja nemendum í verk- og tækninámi*

Mögum gengur illa að læra, fá ekki aðstoð við heimalærdóminn eða geta ekki lært það sem þeir hafa mestan áhuga á eða eru „best í“. Sumum líður ekki vel í skólanum, til dæmis vegna eineltis, eða hafa engan til að hanga með eftir skóla og það bitnar á námsárangri þeirra.

Annað?: \_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_



## 5 JAFNRÉTTI KYNJANNA

Áherslur: *Jafnrétti kynjanna verði tryggt og völd allra kvenna og stúlkna efla. Öll mismunun gagnvart konum og stúlkum verði afnumin alls staðar*

EKKI NÆRRI ALLIR ÁTTA SIG Á AÐ ÞAÐ SKIPTIR ALLS ENGU MÁLI HVORT ÞÚ SÉRT STELPA, STRÁKUR EÐA ANNAÐ KYN, HVAÐ ÞÚ ÆFIR, GERIR, LÆRIR EÐA VINNUR VIÐ. VIÐ ERUM ÖLL JÖFN OG EIGUM SAMA RÉTT TIL ALLS. GERA ÞAÐ BÆÐI KONUM OG KÖRLUM KLEIFT AÐ SAMRÆMA BETUR FJÖLSKYLDU- OG ATVIÑNULÍF.

Annað?: \_\_\_\_\_

## 7 SJÁLFBÆR ORKA

Áherslur: *Auka hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa með orkuskiptum í lofti, láði og legi*

ER EKKI HÆGT AÐ NÝTA VIND- OG SÓLARORKU MUN MEIRA – LÍKA FYRIR SMÆRRI HLUTI? GETUM VIÐ NÝTT HEITA VATNIÐ BETUR OG ER HÆGT AÐ VIRKJA MINNI ÁR OG LÆKI TIL EINKANOTA? GETUM VIÐ MINNKAÐ NOTKUN Á BENSI NIÐ OG OLÍU?

Annað?: \_\_\_\_\_

## 11 SJÁLFBÆRAR BORGIR OGSAMFÉLÓG

Áherslur: *Gera borgir og íbúðasvæði öllum mönnum auðnotuð, örugg og sjálfbær. Áskoranir vegna strjálbýlis, svo sem fjarskipti og almenningssamgöngur*

MJÖG MARGIR ERU EINIR Í BÍLUNUM SÍNUM OG ÞVÍ ERU ALLT OF MARGIR BÍLAR Á GÖTUNUM. MARGIR KEYRA OF HRATT EÐA FARΑ YFIR Á RAUÐU LJÓSI OG ÞVÍ GETUR VERIÐ MJÖG HÆTTULEGT AÐ LABBA YFIR GÖTUR. GETA FLEIRI RÆKTAÐ GRÆNMETIÐ SITT EINHVERS STAÐAR NÁLÆGT HEIMILINU?

Annað?: \_\_\_\_\_

## 12 ÁBYRG NEYSLA OG FRAMLEIÐSLA

Áherslur: *Minnka neyslu, draga úr matarsóun og minnka þar með vistspor Íslendinga. Innleiða hringrásarhugsun í alla neyslu og framleiðslu*

MATARSÓUN ER STÓRT VANDAMÁL OG OFT ER MIKIÐ RUSL Á GÖTUNUM OG ÚTI Í NÁTTÚRUNNI. VIÐ KAUPUM MJÖG MIKIÐ AF FÖTUM OG ALLS KONAR HLUTUM SEM VIÐ ÞURFUM KANNSKI EKKI OG HENDUM SVO MIKLU Í RUSLIÐ. ER HÆGT AÐ GERA FÓLKI AUÐVELDARA AÐ FLOKKA RUSL??

Annað?: \_\_\_\_\_